



HAFNARFJÖRÐUR

Umsögn- 9. mars 2018

Efni: Kjarrberg 3, umsögn vegna fyrirspurnar, 1803089

Þann 9.3.2018 leggja eigendur Kjarrbergs 3 inn fyrirspurn þar sem óskað er eftir að koma fyrir grindverki á þaki bílskúrs á lóðinni. Með erindinu fylgir greinagerð og skissur er sýna fyrirhugaða framkvæmd ásamt undirskrift allra eigenda hússins við Kjarrberg 1 – 3.

Sk. upphaflegum teikningum af húsinu er gert ráð fyrir grindverki á þaki bílskúrs er tilheyrir Kjarrbergi 1, enda aðgengi þar að. Ekkert aðgengi átti að vera að bílskúrþaki við Kjarrberg 3 sk. upphaflegum teikningum. Mikill landhalli er á lóðinni og því hefur endanleg útfærsla á bílskúr við númer 3 ef til vill orðið önnur en gert var ráð fyrir. Nú er auðvelt aðgengi upp á þakið bæði frá lóð og bæjarlandi í brekkunni.

Með því að girða af húspakið er bæði verið að tryggja öryggi fólks, aðallega barna, um leið og þakið er nýtt til útiveru líkt og fordæmi er fyrir á bílskúrnum við Kjarrberg 1.

Ekki verður séð að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á aðliggjandi lóðarhafa. Töluvert landrými er milli Kjarrbergs og Traðabergs, sem er næsta gata fyrir neðan, gatan Holtaberg fer þar á milli og hávaxinn trjágróður er á lóðarmörkum Traðabergs og bæjarlands. Langt er í næstu hús við Klettaberg eða rúmir 50 metrar. Pallur ofan á bílskúrþaki ætti því ekki að hafa áhrif á nágretta eða skerða hagsmuni þeirra. Gæta skal hófsemi í hæð grindverks ofan á bílskúr en minnsta hæð skal vera 120cm og mesta hæð 140.

Sækja þarf um byggingarleyfi og legja inn byggingarnefndarteikningar er sýna breytinguna á þaki bílskúrs.

Tekið er jákvætt í erindið að uppfylltum ofangreindum skilyrðum.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt